

T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kirkjuþing unga fólksins nr. 952/2009 sbr. starfsrgl. nr. 1106/2013.

(Lagt fyrir 65. kirkjuþing 2023-2024).

Flutt af Berglindi Hönnudóttur.

Frsm. Berglind Hönnudóttir.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. starfsreglnanna:

2. mgr. breytist og hljóðar svo:

Fulltrúar skulu vera á aldursbilinu¹⁴ til 35 ára, skráðir í þjóðkirkjuna og starfandi og/eða búsettir í því kjördæmi sem þeir sitja fyrir. Svæðisstjórar bera ábyrgð á tilnefningum og vali fulltrúa til kirkjuþings unga fólksins í samráði við sóknarpresta, presta, djákna, æskulýðsfulltrúa og aðra sem bera ábyrgð á kirkjustarfi í hverju prófastsdæmi. Í þeim prófastdæmum þar sem að svæðisstjóri er ekki starfandi skal prófastur annan tilnefningar. Hafa allir fyrrnefndir aðilar rétt til að tilnefna fulltrúa á kirkjuþing unga fólksins og skal senda svæðisstjóra þær tilnefningar. Biskup tilkynnir öllum sem að framan greinir um rétt þeirra til að tilnefna fulltrúa. Svæðisstjóri tilkynnir valda fulltrúa til verkefnisstjóra kirkjuþings unga fólksins.

2. gr.

3. mgr. breytist og hljóðar svo:

Komi ekki tilnefningar úr héraði a.m.k. sex vikum fyrir þingdag frá svæðisstjórum skal vísa tilnefningunum til verkefnisstjóra kirkjuþings unga fólksins.

3. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 78/1997, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð.

Nú hefur verið gerð stór breyting á æskulýðsmálum innan kirkjunnar og ákveðið hefur verið að ráða svæðisstjóra fyrir prófastdæmin og stefnan er að það verði svæðisstjórar starfandi út um allt land. Svæðisstjórar æskulýðsmála verða þá í mjög góðu sambandi við æskulýðsstarfsfólk og þátttakendur í starfi og myndi því liggja beinast við að þau sem sinna því starfi sjái um að skipa fulltrúa.

